

REGLUR um vísitölusjóði.

1. gr.

Verðbréfasjóði, eða einstökum deildum hans, skv. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 10/1993, er heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda, enda sé, í samþykktum og fjárfestingarstefnu sjóðsins, eða viðkomandi deildar hans, kveðið á um að eignasamsetning hans skuli endurspegla ákveðna verðbréfavísitölu.

2. gr.

Vísitala skv. 1. gr. skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega á skipulögðum verðbréfamarkaði, sbr. lög um verðbréfavíðskipti og endurspegla viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.

3. gr.

Verðbréfasjóði, eða einstökum deildum hans, sem reglur þessar taka til ber að endurspegla viðkomandi vísitölu í sömu hlutföllum og hún er samsett á hverjum tíma, sbr. þó 4. gr. Reglur þessar taka ekki til verðbréfasjóða sem miða að því að endurspegla árangur vísitölu og stefna að því að gera betur en vísitalan.

4. gr.

Nú verða breytingar á vísitölu, þannig að ný verðbréf eru tekin í vísitöluna og fyrirbyggjandi verðbréf felld brott, og er þá verðbréfasjóði, eða einstökum deildum hans, heimilt að víkja tímabundið frá skilyrðum 1. másl. 3. gr., vegna markaðsaðstæðna, þ.e. lélegs seljanleika verðbréfa eða vegna óhæfilegs kostnaðar sem víðskipti með undirliggjandi verðbréf hefðu í för með sér.

5. gr.

Reglur þessar um vísitölusjóði eru settar á grundvelli 2. mgr. 27. gr. laga nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 6. maí 2003.

Páll Gunnar Pálsson.

Ragnar Hafliðason.